

Nr. 22-104-S-065 Bylgja VE 75**Skipverji slasast**

Skipaskr.nr. 2025
Útgerð: Bylgja VE 75 ehf
Smíðaður: Slippstöðin HF 1992.
Stærð: 437 BT
Mesta lengd: 33,74 m Skráð lengd: 36,63 m
Breidd: 8,60 m Dýpt: 6,50 m
Vél: Yanmar, 730 kW, 1991.
Fjöldi skipverja: 13



Ljósmynd©Hilmar Snorrason

Gögn:
Gögn RNSA

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 9. janúar 2023 af Geirprúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmar Snorrasyni, Hirti Emilssyni og Pálma K. Jónssyni.

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 24. júní 2022 var Bylgja VE á togveiðum á Vestfjarðamiðum. Veður N- 5 m/s.

Skipverji var að lása úr hlera en við það klemmdi hann sig illa á fingri og var siglt með hann í land.

Við rannsókn kom eftirfarandi fram:

- Verið var að taka inn trollið og búið að lása grandaraleiðara í dauðalegg.
- Þegar sleppa átti dauðaleggnum niður festist leiðarinn við þarfakrók (snurvoðalás) sem soðinn var ofan á rennupil (sjá mynd).
- Skipverjinn fór að losa leiðarann en á sama tíma var dauðaleggnum sleppt með þeim afleiðingum að skipverjinn lenti með fingur á milli vírsins og þarfakróksins.
- Slasaði sagði að samskiptaleysi hefði valdið því að dauðaleggnum var sleppt niður án þess að hann hefði verið viðbúinn.
- Ekki hefur verið gert áhættumat fyrir einstaka verkþætti, engin öryggisnefnd er um borð né skriflegar verklagsreglur.



Mynd þarfakrókur á rennupili

Nefndarálit:

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.